

Reglur um verktakasamninga innan málaflokks fatlaðs fólks

1. gr.

Þjónusta sem samið er um

Þjónustan sem samið er um grundvallast á VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 21., 24. og 25. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

- **Félagsleg heimaþjónusta:** Þjónustusali tekur að sér að fullnægja skyldum þjónustukaupa, Vestmannaeyjabæjar, að því er varðar félagslega heimaþjónustu sem grundvallast á VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning og umönnun sem notandi þarf á að halda vegna fötlunar sinnar.
- **Félagsleg liðveisla:** Þjónustusali tekur að sér að fullnægja skyldum þjónustukaupa, Vestmannaeyjabæjar, að því er varðar liðveislu í samræmi við ákvæði 24. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks sem síðari breytingum. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoðar við að njóta menningar og félagslífs.
- **Frekari liðveisla:** Þjónustusali tekur að sér að fullnægja skyldum þjónustukaupa, Vestmannaeyjabæjar, að því er varðar frekari liðveislu í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum. Markmiðið með frekari liðveislu er að veita margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs.
- Hvað varðar mat á þjónustu þá gilda reglur Vestmannaeyjabæjar um félagslega heimaþjónustu og stuðningsþjónustu og getur þjónustusali að jafnaði ekki nýtt sér þessa þjónustu hjá Vestmannaeyjabæ á meðan samningi stendur. Hægt er að óska eftir undanþágubeiðni til starfsmanna fjölskyldu- og fræðsluviðs ef talið er nauðsynlegt að umsækjandi nýti sér aðra þjónustu utan heimilis, svo sem nám, atvinnuúrræði, hæfingu eða skammtímavistun.

2. gr.

Markmið

Markmið með samningi þessum er að tryggja félagslega heimaþjónustu, félagslega liðveislu og frekari liðveislu til þeirra sem eiga rétt á slíkri þjónustu samkvæmt lögum og reglum sveitarfélagsins en af einhverjum orsökum er talið heppilegra að veita þjónustuna samkvæmt verktakasamningi. Markmiðið er að verktakassamningur efli sjálfstæði og lífsgæði notenda og að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo það geti lifað sjálfstæðu og virku lífi í samfélaginu. Í verktakasamningi felst að viðkomandi fær greidda ákveðna fjárhæð sem hann

ráðstafar sjálfur til kaupa á þeirri þjónustu sem hann hefði ella fengið frá Vestmannaeyjabæ á grundvelli mats samkvæmt reglum.

3. gr.

Forsendur

Þeir einstaklingar sem eiga rétt á að sækja um slíkan samning við Vestmannaeyjabæ eru þeir sem eiga lögheimili í Vestmannaeyjum og falla undir 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum.

Liggja þarf fyrir SIS mat umsækjanda svo hægt sé að meta þjónustupörf.

4.gr

Umsóknarferli

Umsókn um verktakasamning þarf að berast skriflega til fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyja. Með umsókn þarf að fylgja staðfesting framlags frá öðrum þjónustuaðilum en Vestmannaeyjabæ ef um slíkt er að ræða.

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal umsækjandi boðaður í viðtal innan tveggja vikna og eftir atvikum aðstandandi/talsmaður/ráðgjafi til að afla frekari upplýsinga. Í fullu samráði við umsækjanda skal starfsmaður á vegum fjölskyldu- og fræðsluviðs Vestmannaeyjabæjar vinna heildstætt mat á þeirri aðstoð sem einstaklingurinn þarf á að halda. Hafa skal hliðsjón af þeirri þjónustu sem þegar er veitt, óskum umsækjanda, aðstæðum hans og öflun gagna. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi greiðan aðgang að utanaðkomandi ráðgjöf og aðstoð í matsferlinu. Einnig er metin geta umsækjandans til að skýra frá vilja sínum og getu til ákvarðanatöku.

Ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skal liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að umsókn berst til fjölskyldu- og fræðsluviðs. Niðurstaðan skal vera skjalfest og rökstudd með skýrum hætti og tilkynnt umsækjanda bréflega. Ef niðurstaða er umsækjanda í óhag hefur umsækjandi rétt til áfrýjunar sbr. 12.gr. reglna þessara.

5.gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Þegar umsókn um verktakasamning hefur verið samþykkt skulu umsækjandi og fulltrúi fjölskyldu- og fræðsluviðs gera samning um fyrirkomulag og framkvæmd ásamt þeirri fjárupphæð sem samið er um. Þegar greiðslur samkvæmt samningi hefjast fellur stuðningsþjónusta fjölskyldu- og fræðsluviðs við umsækjanda að jafnaði niður.

Umsækjandi eða persónulegur talsmaður hans mun sjálfur finna aðila til að framkvæma þjónustuna og ber hann ábyrgð á því að sú þjónusta sem um ræðir sé órofin á samningstíma. Skuldbindingar vegna þeirra er framkvæma þjónustuna eru alfarið á ábyrgð umsækjanda.

6. gr.

Ráðning aðstoðarfólks

Eigi skal ráða aðstoðarmann gegn vilja notandans og skal samþykki hans liggja fyrir sem forsenda fyrir ráðningu aðstoðarmanns.

Að jafnaði er eigi heimilt að ráða til sín maka, sambýlismann/sambýliskonu eða náinn ættingja sem heldur heimili með notanda. **Í þeim undantekningartilfellum sem það er gert skal umsýsla sammingsins vera í höndum óháðs umsýsluaðila.**

Þegar aðstoðarfólk hefur verið fundið skulu eftir atvikum gerðir fullnægjandi verktakasamningar eða ráðningarsamningar sem m.a. kveða á um réttindi og skyldur aðstoðarfólksins, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

Umsækjandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni í samræmi við þau ákvæði sem tilgreind eru í samningi og þá er hann orðinn vinnuveitandi.

7.gr.

Meðferð fjármagns

Greiðslur til umsækjanda eru metnar hverju sinni, fara þær eftir þjónustuþörf notenda þar sem stuðst er meðal annars við SIS mat einstaklings. Greiðslurnar gera ráð fyrir öllum auka kostnaði, s.s. umsýslu og bókhaldsvinnu, niðurgreiðslu á útlögðum kostnaði aðstoðarfólks, kostnaði við starfsmannaaðstöðu í húsnæði ofl.

Fyrir hverja vinnustund eru að jafnaði greiddar 2800 kr. og er um jafnaðargreiðslu að ræða. 85% fjárhæðarinnar skal vera vegna alls launakostnaðar til aðstoðarmanns eða að hámarki 2.380 kr., 5% upphæðar eða 140 kr. til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarmanns og 10% eða 280 kr. vegna umsýslukostnaðar. Aðrar greiðslur eða fjárhagslegar skuldbindingar sem þjónustusali ábyrgist eru þjónustukaupa óviðkomandi.

Greiðslan skal fela í sér allan kostnað umsækjanda, þar með talin laun og launatengd gjöld, fræðslu til umsækjanda við verkstjórn, leiðbeiningar, stjórnunarverkfæri og þau útgjöld umsækjanda og aðstoðarfólks sem verða til í tengslum við innihald sammingsins.

Samningurinn miðast við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Vestmannaeyjabæjar hverju sinni.

8.gr.

Greiðslur

Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi hafi bankareikning sem eingöngu er ætlaður fyrir verktakagreiðslurnar og að umsækjandi skili mánaðarlegu yfirliti fyrir 15. hvers mánaðar. Í yfirliti skal koma fram hvernig fjármagni var ráðstafað, tímaskýrslur starfsmanna og vinnuáætlanir.

Einu sinni á ári skal ársuppgjör unnið miðað við 31. desember. Skal umsækjandi skila skattframtali, launamiðum til verktaka, afriti af ráðningarsamningum/verktakasamningum. Fjármagni sem ekki hefur verið notað á tímabilinu skal skilað í heild sinni til sveitarfélags innan 60 daga.

Ef fullnægjandi gögn berast ekki á tilskildum tíma stöðvast greiðslur til þjónustusala og Fjölskyldu- og fræðslusvið áskilur sér þeim rétti að rifta samningnum.

9. gr.

Samráð, eftirlit og mat á árangri

Stöðumat skal fara fram innan 12 vikna eftir gerð samningsins þar sem kannað er hvernig verktakasamningurinn nýtist og hvort markmið náist.

Endurmat á stuðningsþörf umsækjanda skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Fjölskyldu- og fræðslusviði er heimilt að breyta greiðslum í kjölfar endurmats á stuðningsþörf í samráði við notanda. Komi til breytinga á upphæð greiðslu skal umsækjanda tilkynnt um ákvörðun formlega með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Umsækjandi getur áfryjað þeirri ákvörðun til fjölskyldu- og tómsundaráðs innan fjögurra vikna frá því að honum barst vitneskja um það.

Umsækjandi skal tilkynna Vestmannaeyjabæ tímanlega um breytingar á aðstæðum sínum en breytingar á aðstæðum geta leitt til endurmats á stuðningsþörf.

Starfsmaður fjölskyldu- og fræðslusviðs veitir faglegan stuðning og ráðgjöf til umsækjanda í formi samráðsfunda að lágmarki einu sinni á samningstímanum. Við endurmat skal höfð til grundvallar skrifleg skýrsla frá umsækjanda um reksturinn. Gera skal grein fyrir hvernig þjónustan hafi gengið og hvaða lærdóm hægt sé að draga af henni.

10. gr.

Endurgreiðslur

Fjölskyldu- og fræðslusviði ber að gæta þess að fjármagni samnings sé ráðstafað á tilætlaðan máta og hefur heimild til þess að krefjast endurgreiðslu komi í ljós að það hafi ekki farið í þá aðstoð sem tilgreind er í samningi. Endurgreiðslu er aðeins krafist þegar fjármagn hefur verið notað á óeðlilegan hátt eða ekki nýtt til fulls.

Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla fjölskyldu- og fræðslusviðs sé nýtt þann mánuð sem við á. Umsækjanda er þó heimilt að færa fé milli mánaða, en þó aldrei meira en í þrjá mánuði.

Komi til ofgreiðslu ber umsækjanda að endurgreiða mismuninn til fjölskyldu- og fræðslusviðs innan 14 daga frá tilkynningu um ofgreiðslu.

11.gr

Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skal leitast við að jafna ágreining milli samningsaðila.

Gagnkvæmur fjögurra vikna uppsagnarfrestur er á samningi og þarf uppsögn að berast skriflega. Við eftirlit og endurmat geta breytingar átt sér stað sem leiða til riftunar á samningi. Ákvörðunin skal vera rökstudd og umsækjanda tilkynnt hún formlega. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðuninni til fjölskyldu- og tómstundaráðs innan fjögurra vikna frá því að honum barst sú vitneskja.

Fjölskyldu- og fræðsluviði er heimilt að rifta samningi og gera umsækjanda að endurgreiða það fjármagn sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að;

- Fjármagnið að hluta til eða öllu leyti hefur ekki verið nýtt eins og samkomulag um vinnustundir segir til um.
- Ákvæðum samnings hefur ekki verið fylgt, t.d ef fullnægjandi gögnum hefur ekki verið skilað.
- Móttekið hefur verið fjármagn frá öðrum þjónustuaðila ætlað að hluta til eða í heild í þá þjónustu sem þessi samningur tekur til.
- Vísbendingar séu um misnotkun samningsaðila eða þriðja aðila á fjármagni.
- Trúnaðarbrestur hefur orðið í samstarfi við sveitarfélag og gjaldþrot eða greiðslustöðvun þjónustusala.
- Ef starfsmenn fá vitneskju um brottflutning umsækjanda frá sveitarfélaginu.
- Ef umsækjandi flytur í sértækt húsnæðisúrræði á vegum sveitarfélagsins.

Fjölskyldu- og fræðsluviði er heimilt að rifta samningi án fyrirvara og taka upp fyrra eða annað þjónustuform séu vísbendingar um svik eða ólöglegt athæfi umsækjanda eða þriðja aðila.

12. gr.

Áfrýjun

Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun starfsmanna fjölskyldu- og fræðsluviðs til fjölskyldu- og tómstundaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda

skal kynntur áfrýjunarréttur til úrskurðarnefndar félagsþjónustu þegar niðurstaða fjölskyldu- og tómstundarráðs liggur fyrir.

13. gr.

Þagnarskylda

Öllum starfsmönnum og þjónustuaðilum á vegum fjölskyldu- og fræðslusviðs ber að gæta þagnarskyldu og virða trúnað við fólk í starfi sínu og ber þeim að undirrita yfirlýsingu þess efnis. Starfsmönnum og umsækjanda ber að sýna virðingu í orði sem og í verki.

Umsækjandi ber ábyrgð á að þeir sem framkvæma þjónustuna undirriti þagnareid í samræmi við lagaákvæði þar að lútandi. Þagnarskylda helst þó svo að þjónustusamning milli aðila ljúki og einnig þegar þeir sem framkvæma þjónustuna láta af störfum.

14. gr.

Gildistími og endurskoðun reglna

Gildistími samnings getur verið allt að 12 mánuðir í senn.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en 1. júní 2016.

Reglur þessar sem samþykktar eru í Fjölskyldu- og tómstundaráði 15. apríl 2015 og með staðfestingu bæjarstjórnar 13 maí 2015 taka gildi dags 1 júní 2015